

**Fundargerð 5. fundar
Ferða-, safna- og menningarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
28. nóvember 2018 , kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Rakel Ósk Eckard formaður, Vitor Hugo Rodrigues Eugenio aðalmaður, Guðmundur Magnússon aðalmaður, Svavar Grétarsson aðalmaður, Álfhildur Sigurjónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Guðjón Þ. Kristjánsson fundarritari, .

Fundargerð ritaði: Guðjón Þ. Kristjánsson, .

1. Þjóðleikur 2018-2019 - 1811007

Gestir fundarins í þessu máli voru umsjónarmenn Þjóðleiks, þau Guðný Kristín Snæbjörnsdóttir og Vitor Hugo Rodrigues Eugenio. Þau kynntu Þjóðleik og fóru yfir hvernig staðið verður að málum á næsta ári.

Afgreiðsla:

Ferða- safna- og menningarráð þakkar Guðnýju og Vitor fyrir góða kynningu á verkefninu Þjóðleikur.

Ráðinu list vel á verkefnið og leggur til að því verði haldið áfram.

2. Tendrun jólaljósa - 1810050

Frá 7. fundi bæjarstjórnar miðvikudaginn 7. nóvember 2018.

Afgreiðsla: Bæjarstjórn tekur undir að jólaljós verði tendruð á jólatrjám bæjarins í báðum byggðarkjörnum eins og ráðið leggur til.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

3. Áramót 2018 - 1810050

Frá 7. fundi bæjarstjórnar miðvikudaginn 7. nóvember 2018.

Afgreiðsla: Samþykkt með átta atkvæðum að áramótabrennur verði með sama hætti og undanfarin ár og mótuð verði stefna um fyrirkomulag hátíðahalda í framtíðinni í samráði við samstarfsaðila. Fulltrúi B lista á móti.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

Ferða- safna- og menningarráð leggur áherslu á að fyrirkomulag og tímasetningar á brennu og flugeldasýningu sveitarfélagsins verði endurskoðað í byrjun næsta árs.

4. 100 ára afmæli lýðveldis - 1811008

Starfsmaður lagði fram dagskrá hátíðar í tilefni 100 ára afmælis lýðveldisins sem fram fer í Duus húsum 1. desember n.k.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

5. Ferskir vindar - Alþjóðleg listahátíð - 1810021

Frá 11. fundi bæjarráðs miðvikudaginn 24. október 2018, 9. mál.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til umfjöllunar í Ferða-, safna- og menningarráði.

Afgreiðsla:

Ferða- safna- og menningarráð leggur til að gengið verði til samstarfs við Listahátíð í Reykjavík um afhendingu Eyrarrósarinnar í febrúar n.k.

Ráðið leggur til að samstarf við Ferska vinda verði tekið til skoðunar í byrjun næsta árs.

6. Ferða- safna- og menningarráð: starfsáætlun 2018-2022 - 1807079

Rætt var um reglulega fundi ráðsins.

Erindi framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um mótun menningarstefnu var lagt fram.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 20:05.
